

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/183****2025/EES/54/22****frá 31. janúar 2025**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/53 að því er varðar ráðlagt hámarksinnihald í heilfóðri af virku efni í fôðuraufefni sem samanstendur af nónansýru fyrir tilteknar svína- og alifuglategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og breytingar á slíku leyfi.
- 2) Nónansýra var leyfð til 10 ára sem fôðuraufefni fyrir allar dýrategundir með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/53 ⁽²⁾.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gæfi út álit um hvort leyfið fyrir nónansýru sem fôðuraufefni uppfylli enn skilyrðin sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ef skilyrðum leyfisins yrði breytt. Breytingin varðar aukningu á tillögðu hámarksinnihaldi fôðuraufefnis sem samanstendur af nónansýru. Beiðninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 1. febrúar 2024 ⁽³⁾ að nónansýra sé örugg fyrir alla alifugla til eldis, alla alifugla sem eru aldri til varps eða undaneldis, öll eldisvín og mjólkur- og fráfarugrís af öllum svínategundum við 100 mg/kg fôðurs. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að breytingin á gildandi leyfi fyrir aukefninu myndi ekki breyta niðurstöðunum um öryggi fyrir neytendur og umhverfið sem hún komst að í álitinu sínu frá 5. apríl 2013 ⁽⁴⁾. Þar eð nónansýra er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fôðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Matvælaöryggisstofnunin gat hvorki komist að niðurstöðu um ertingarmátt aukefnisins fyrir húð og augu né um húð- og öndunarfæranæmingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/183, 3.2.2025. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/53 frá 14. desember 2016 um leyfi fyrir bútan-1-óli, hexan-1-óli, oktan-1-óli, nónan-1-óli, dódekan-1-óli, heptan-1-óli, dekan-1-óli, pentan-1-óli, etanóli, asetaldehýði, própánali, bútanali, pentanali, hexanali, oktanali, dekanali, dódekanali, nónanali, heptanali, úndekánali, 1,1-dietoxýetani, maurasýru, ediksýru, própíónsýru, valerínsýru, hexansýru, oktansýru, dekansýru, dódekansýru, olíusýru, hexadekansýru, tetradekansýru, heptansýru, nónansýru, etýlasetati, própýlasetati, bútýlasetati, hexýlasetati, oktýlasetati, nónýlasetati, dekýlasetati, dódekýlasetati, heptýlasetati, metýlasetati, metýlbútýrati, bútýlbútýrati, pentýlbútýrati, hexýlbútýrati, oktýlbútýrati, etýldekanóati, etýlhexanóati, própýlhexanóati, pentýlhexanóati, hexýlhexanóati, metýlhexanóati, etýlformati, etýldódekanóati, etýltetradekanóati, etýlnónanóati, etýlokatanóati, etýlprópíonati, metýlprópíonati, etýlvalerati, bútýlvalerati, etýlhex-3-enóati, etýlhexadekanóati, etýltrans-2-bútenóati, etýlúndekanóati, bútýlisóvalerati, hexýlisóbútýrati, metýl-2-metýlbútýrati, hexýl-2-metýlbútýrati, tríetýlsítrati, hexýlisóvalerati og metýl-2-metýlvalerati sem fôðuraufefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 13, 17.1.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/53/oj).

(3) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22 (2), 8642.

(4) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11 (4), 3169.

- 5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að leyfi fyrir blöndu með nónansýru sem fóðuraukefni uppfylli enn skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þegar hámarksviðbótarmagn fóðuraukefnis sem samanstendur af nónansýru er aukið úr 5 í 100 mg/kg heilföðurs fyrir alla alifugla til eldis, alla alifugla sem eru aldir til varps eða undaneldis, öll eldissvín og mjólkur- og fráfærugrasi af öllum svínategundum.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/53 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/53

Í stað þriðja liðar „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihald“ í áttunda dálki „önnur ákvæði“ í færslunni fyrir nónansýru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/53 kemur eftirfarandi:

„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilföðurs með 12% rakainnihald skal vera:

- 100 mg fyrir alla alifugla til eldis,
- 100 mg fyrir alla alifugla sem eru aldir til varps eða undaneldis,
- 100 mg fyrir fráfærugrasi og spenagrasi af öllum svínategundum,
- 100 mg fyrir öll eldissvín,
- 5 mg fyrir aðrar dýrategundir og -flokka.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.